

Ed.

779. Frumvarp til laga

[163. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskall, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Visitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig. Skal hækka laun

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi:

Ekki skal það varða missi vísitöluuppbótar, þótt verkalýðsfélag færi kauptaxta sinn til móts við vegið meðaltal kauptaxta félaga ófaglærðra verkamanna, þó ekki yfir 3 kr. grunnkaup á klukkustund.

Standi yfir vinnudeila eða samningaumleitanir við gildistöku laganna, skal það talið jafngilt kjarasamningi fyrir 19. marz 1950, ef deiluaðilar semja síðar um kaupgjald, sem sannanlega lá fyrir sem fast tilboð frá atvinnurekendum fyrir þann dag.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna komi:

Heimilt er ráðherra að fella niður gjald þetta af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju beint úr skipi eða til framleiðslu annarra afurða í sambandi við nýjan iðnað.

4. gr.

- a. Síðasti másl. 8. mgr. 12. gr. laganna orðist svo: Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.
- b. Aftan við fyrsta másl. 9. mgr. sömu lagagreinar bætist: þar með talin hluta-fjár- og stofnfjáreign.

5. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, önnur en þau, sem 15. gr. tekur til, skulu varða sektum allt að 50 þús. kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skulu sektirnar renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.